

Föstudaginn 2. október 1936.

Nr. 89/1936. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Óskari Lárussyni

(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun og ryskingar á almannafæri.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. febr. 1936: Kærður, Óskar Lárússon, greiði 300 króna sekt til menningar-sjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en aflánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga. Kærður greiði allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmál-

flutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Lárussyni frá Vestmannaeyjum fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 33, 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2, 1930.

Hér í lögsagnarumdæminu hefir kærður áður sætt eftirfarandi refsingum:

1929 3. júní. Sætt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 10. febr. Dómur hæstaréttar: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 48. gr. hinna almennu hegningarlaga.

1933 19. nóv. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 12. jan. Sætt 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.

1935 13. marz. Sætt 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 17. apríl. Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Í gærkveldi kl. nær 9 var hringt á lögregluvarðstofuna frá Reykjavíkur Bar og beðið um lögregluaðstoð vegna ryskinga, er þar áttu sér stað.

Lögregluþjónarnir Matthías Sveinbjörnsson og Haraldur Jensson voru sendir á staðinn, og var þá bent á menn þá, er í ryskingunum höfðu verið. Var kærður annar þeirra og var að áliti lögregluþjónanna áberandi ölvaður.

Lögregluþjónarnir fluttu kærðan þegar að húsi því, er hann taldi sig eiga heima í, en er þangað kom, vildi hann ekki fara þar inn og var hann því settur í varðhald.

Með framangreindu atferli hefir kærður gerzt sekur við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 7. gr. og 78. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar. Með tilliti til áðurgreindra itrekana þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300

króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga. Ennfremur greiði kærður allan sakarkostnað. Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 7. október 1936.

Nr. 39/1936. **Valdstjórnin** (Theodór B. Líndal)

gegn

Ingólfi Matthíassyni (Eggert Claessen).

Um vitnaskyldu.

Úrskurður löggluréttar Reykjavíkur 12. febr. 1936:
Vitninu, Ingólfi Matthíassyni, er skylt að gefa framan- greindar upplýsingar í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða úrskurði hefir valdstjórnin skotið til hæstaréttar að beiðni loftskeytamannsins Ingólfs Matthíassonar. Hefir Ingólfi verið stefnt og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Aðdragandi málsins er sá, að hinn 12. febrúar þ. á. var í lögglurétti Reykjavíkur hafin réttarrannsókn gegn Aðalsteini Pálssyni, skipstjóra á b/v „Belgaum“, og honum gefið að sök að hafa stundað ólöglegar fiskveiðar í landhelgi svo og að hafa gefið veiðimönnum á öðrum skipum upplýsingar um ferðir varðskipanna. Sakaráburð sinn studdi rannsóknardómarinn við dulskeyti nokkur, sem aðallega höfðu farið á milli skips Aðalsteins og ýmissa nafngreindra togara, en skeyti þessi hafði lögreglan fyrir